



Fréttabréf forseta

Júní 2017

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Landsambandsþing

Ég vil byrja á því að þakka þeim sem voru á landsambandsþinginu 6.–7. maí fyrir samveruna. Þingið heppnaðist afar vel og var ánægjulegt fyrir okkur „norðankonur“ að taka á móti þessum flotta hópi DKG kvenna. Á þinginu var kosin ný stjórn til næstu tveggja ára og hana skipa:

- Jóna Benediktsdóttir Iota, forseti,
- Helga M. Steinsson Zeta, 1. varaforseti,
- Helga G. Halldórsdóttir Gamma, 2. varaforseti,
- Ingibjörg E. Guðmundsdóttir Alfa, ritari
- Jónína Hauksdóttir Beta, meðstjórnandi.

Fráfarandi forseti Eygló Björnsdóttir starfar með stjórn. Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild hefur samþykkt að gegna stöðu gjaldkera áfram og Eygló Björnsdóttir hefur samþykkt að vera vefstjóri.

Fréttabréf

9. maí kom út síðasta [fréttabréf](#) Samskipa- og útgáfunefndar á þessu stjórnartímabili. Að vanda var fréttabréfið stútfullt af spennandi efni og færur við nefndinni okkar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Evrópuþing

Nú styttist í Evrópuþingið í Tallinn og eru 14 konur ákveðnar í að fara á þingið. Þó skráningu á lægsta gjaldi hafi lokið í gær (26. júní), þá er að sjálfsögðu enn hægt að skrá sig og slást í hópinn. Við biðjum ykkur endilega að hvetja konur í ykkar deildum til að skoða það að skella sér með okkur, ekki síst þar sem Evrópuþingið 2019 verður haldið hér á Íslandi og ýmislegt hægt að læra í Tallinn um umgjörð og skipulag. Af undirbúningi fyrir þingið 2019 er það helst að fréttu að búið er að skipa „staðsetningarnefnd“ sem í eru Ingibjörg Einarsd. og Ingibjörg Jónasd. í Gamma-deild og Jónína Erna Arnardóttir í Deltadeild. Þær munu yfirfara þau tilboð sem fráfarandi stjórn var búin að afla og fá fleiri og koma svo endanlegum upplýsingum til nýrrar stjórnar. Fljótlega í haust verður svo vonandi hægt að setja niður þingstað og

endanlega dagsetningu fyrir þingið. Einnig styttist í að skipaður verði stýrihópur sem kemur til með að hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd þingsins í samvinnu við landssambandsstjórn 2017–2019. Í mörg horn er að líta þegar þing af þessari stærðargráðu er haldið og hvet ég ykkur allar til að gefa kost á ykkur í þau verk sem vinna þarf og hvetja konur í ykkar deildum til að taka vel í allar umleitanir um að leggja hönd á plóg.

Sumarið

Þó flestar deildir hvíli fundarhöldin yfir sumar-tímenn væri samt kannski góð hugmynd að ákveða að hittast einhvern dag yfir sumarið; fara á kaffihús, jafnvel í gönguferð eða hvaðeina annað sem hugurinn stendur til. Jafnvel gætu tvær deildir eða fleiri slegið sér saman um slíkt stefnumót. Þannig gætu

skapast öðruvísi kynni milli deildarkvenna innbyrðis og á milli deilda.

Framkvæmdaráðsfundur

Laugardaginn 24. júní síðast-

liðinn hélt nýja stjórnin sinn fyrsta fund. Ákveðið var að boða til framkvæmdaráðsfundar 2. september og verður fundurinn haldinn í Kennarahúsinu við Laufásveg 81. Gera má ráð fyrir dagskrá frá 10:00–16:00. Eins og ávallt er nánast skyldumæting formanna á þennan fund og er gott fyrir þær sem þurfa að koma fljúgandi á fundinn, að huga að ódýrum flugfargjöldum tímanlega.

Að lokum

Nú eru aðeins 3 dagar eftir af kjörtímabili stjórnarinnar 2015–2017. Ég vil, og veit að ég tala þar fyrir munn allra í stjórninni, þakka ykkur kærlega fyrir samstarfið þessi tvö ár. Þetta er búinn að vera lærdómsríkur og gefandi tími en ekki hvað síst skemmtilegur. Að lokum óska ég nýju stjórninni alls hins besta í sínum störfum í framtíðinni.

Með ósk um gott og ánægjulegt sumar!

Bestu kveðjur!

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG



**Verum virkar –
styrkjum starfið**